

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Skorradalshreppi.

*Breyting á deiliskipulagi Hvammsskóga.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 28. júní 2005 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi Hvammsskóga í landi Hvamms, Skorradalshreppi.

Óverulega breytingin felst í að hámarkshæð húsa hækkar úr 4,8 m í 6 m.

Hreppsnefnd tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi Hvammsskóga neðri.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 28. júní 2005 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi Hvammsskóga neðri í landi Hvamms, Skorradalshreppi.

Óverulega breytingin felst í að hámarkshæð húsa hækkar úr 5,2 m í 6 m.

Hreppsnefnd tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Grund, 2. nóvember 2005.*

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

**Davíð Pétursson** oddviti.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. nóvember 2005